

Velkomin í HOF

8.-9. nóvember kl. 11:00-17:00

Hlökkum til að sjá ykkur!



Spítalinn okkar verður með viðburð í Menningarhúsinu Hofi laugardaginn 8. og sunnudaginn 9. nóvember kl. 11:00 – 17:00 báða dagana.

Kynnt verða landssamtökin **Spítalinn okkar**, tilgangur þeirra og markmið. Fyrirhugaðar nýbyggingar Landspítala verða sýndar og rætt um mikilvægi þeirra fyrir heilbrigðisþjónustuna í landinu. Rökin fyrir því hvers vegna nauðsynlegt er að hefja byggingaframkvæmdir sem fyrst verða kynnt og mögulegar leiðir til fjármögnunar ræddar.

Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri setur viðburðinn kl. 13:00

Stutt erindi flytja:

- ◆ *Árún K. Sigurðardóttir*, forseti heilbrigðisvísindasviðs Háskólans á Akureyri
- ◆ *Gróa B. Jóhannesdóttir*, framkvæmdastjóri á Sjúkrahúsi Akureyrar
- ◆ *Jónas Helgason*, menntaskólakennari, Menntaskólanum á Akureyri
- ◆ *Stefán B. Sigurðsson*, prófessor Háskólanum á Akureyri
- ◆ *Stefán Steinsson*, forstöðulæknir Sjúkrahúsins á Akureyri

Um Spítalann okkar

Spítalinn okkar - landssamtök um uppbyggingu nýs húsnæðis Landspítala voru stofnuð miðvikudaginn 9. apríl 2014. Stofnfélagar voru um 300 manns, áhrifafólk um allt land. Markmið félagsins er að afla stuðnings meðal almennings og stjórnvalda við nauðsynlegar úrbætur á húsakosti spítalans, að kynna fyrirbyggjandi áætlanir um endurnýjun og viðbætur við húsnæði spítalans og að draga fram valkosti í fjármögnun og framkvæmd verkefnsins. Nánari upplýsingar um samtökin eru á www.spitalinnokkar.is og á Facebookarsíðu samtakanna.